

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstöðum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og allur þrifnaður hafður í hávegum.

Sorpið skal urðað í til þess gerðum gryfjum, síðan brennt og þjappað og að lokum hulið með jarðvegslagi minnst 25 cm þykku, sjá skal um að ekki myndist sig og vatnsfyllingar yfir gryfjunum, fyllsta hreinlætis skal gætt í hvívetna.

9. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar náist ekki samkomulag við sorphirðumenn.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grundarfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður frá norðri til suðurs á bogagötu framan við aðalbyggingu Háskóla Íslands. Jafnframt verður bannað að leggja ökutækjum hægra megin á bogagötunni en bifreiðastöður heimilaðar vinstra megin.
 2. Á mánudögum og föstudögum á tímabilinu kl. 16 til 18 verður bannað að aka af Vitastíg til hægri og af Barónsstíg til vinstri inn á Laugaveg.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. desember n. k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 29. nóvember 1982

Sigurjón Sigurðsson.